

Colas Ísland hf.  
Gulhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10.10.2022  
UST202203-320/G.S.O.  
08.08.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 5. október 2020 þar sem fram kom að eitt frávik hefði verið skráð í eftirliti stofnunarinnar í bikstöð, Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbæjar-Colas í Hafnarfirði þann 9. september 2020. Þann 6. október sl. barst uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 4.9 í starfsleyfi og 38. gr laga nr. 7/1998.** Rekstraraðili skal tryggja að ekki séu efni til staðar sem aukið geti mengunarhættu, þ.m.t. óæskilega lykt og ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun með því að nota bestu aðgengilegu tækni og viðeigandi hráefni séu notuð til starfseminnar. **Rekstraraðili hefur unnið eftir eldri útbótaáætlun sem samþykkt var af Umhverfisstofnun þann 6. nóvember 2020. Sú áætlun er runnin út og í ljósi umfangs framkvæmdanna þá hefur rekstraraðili sent inn nýja úrbótaáætlun sem tekur á næstu skrefum úrbótanna.**
  - Rekstraraðili fór fram á það við bygja sinn að bik yrði ekki afhent frá sömu olíuhreinsistöð og þeirri sem afgreiddi lyktarsterkara bik en verið hefur. Árið 2020 var skipt um birgja og krafan áfram sú sama á nýjan bygja. **Rekstraraðili skal upplýsa Umhverfisstofnun ef skipt verður aftur um bygja eða ef grunur leikur á að um lyktarsterkara bik hafi verið sent til landsins.**
  - Frá og með október 2022 verður íbúum í nágrenni bikstöðvar tilkynnt um skipakomur með nokkurra daga fyrirvara með auglýsingum á heimasíðu og viðeigandi samfélagsmiðlum. **Stofnunin telur að með þessu sé rekstraraðili að uppfylla betur tilkynningaskyldu sína en jafnframt fríar sig ekki ábyrgð ef upp koma óeðlilega margar kvartanir eða ef vart verður við aukna lyktarmengun.**
  - Ný hönnun við lofttúður á bikgeymum verður prófuð á einum geymi í október 2022. **Eftirlitsaðili mun fara yfir árangur af þeirri prófun í næsta reglubundna eftirliti og þær aðgerðir sem rekstraraðili hyggst fara í, í framhaldi af því.**
  - Rekstraraðili er að skoða möguleika á hreinsibúnaði sem fangar bikgufur úr lofttúðum geymanna en um dýran búnað er að ræða og beðið er með kaup á þeim búnaði þangað til niðurstöður fást úr prófunum lofttúðanna. **Stofnunin samþykkir að beðið sé með kaup á dýrum búnaði þar til**

**niðurstöður prófana á lofttúðum er lokið. Eftirlitsaðili mun fara yfir stöðu mála í næsta reglubundna eftirliti og aðgerðir í framhaldi af því.**

- Unnið er að hönnun á nýju afgreiðslukerfi fyrir dælingu á bíla sem staðsett verður fjær íbúðabyggð en nú er. Komið hefur í ljós að hönnun og framkvæmdir eru mun viðameiri en gert var ráð fyrir. Hönnun er nánast lokið og sótt hefur verið um framkvæmdaleyfi. Áætluð verklok eru 1. maí 2024. **Eftirlitsaðili mun fara yfir stöðu mála í næsta reglubundna eftirliti og meta stöðu framkvæmda.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og óskar eftir því að stofnunin verði upplýst um gang mála og tilkynnt verði þegar vörðum skv. áætluninni hefur verið náð.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif  
Oddsdóttir  
lögfræðingur